



Alþýðusamband Íslands

Frú Aung San Suu Kyi

Það er mér mikill heiður að fá að ávarpa þig fyrir hönd Norrænu verkalýðshreyfingarinnar og þakka þér þannig fyrir langa og friðsamlega baráttu fyrir friði og lýðræði í Myanmar og þá áherslu sem þú hefur lagt á mannréttindi, þar með talin réttindi launafólks.

Okkur langar einnig að óska þér til hamingju með þær mikilsverðu breytingar sem barátta þín hefur skilað í heimalandi þínu Myanmar, en þær breytingar sem þar hafa orðið til batnaðar eru ekki síst þinni baráttu að þakka. Á sama tíma teljum við nauðsynlegt að umbótaferlið haldi áfram og þá undir eftirliti alþjóðastofnanna. Norræn verkalýðshreyfing fagnar einnig tryggingu sem gefin hefur verið fyrir því að forystumenn í verkalýðshreyfingu Búrma fái að snúa heim aftur án afskipta stjórnvalda.

Eins og þú hefur vafalaust tekið eftir hefur Norræna verkalýðshreyfingin stutt af alefli það starf sem Alþjóðavinnuárástofnunin (ILO) hefur lagt í til lausnar málum Myanmar auk þess að styðja Samband verkalýðsfélaga í Búrma.

Okkur langar einnig að þakka þér af heilum hug fyrir þann baráttustíl sem þú hefur helgað þér í friðsamlegri vinnu þinni fyrir grundvallarmannréttindum og lýðræði í Myanmar. Við þökkum fyrir þá reisn sem þú hefur sýnt, einbeitni og einörðu staðfestu. Það sem þú hefur gert minnir okkur öll á að mannréttindabarátta er ekki einkamál nokkurra heldur eitthvað sem á að snerta okkur öll. Þar skiptir úthald, seigla og einbeiting miklu máli því það eru verkfæri sem geta leitt okkur til sigurs. Félagar okkar um allan heim treysta á verkalýðshreyfinguna þegar kemur að réttindabaráttu og þar hefur þú svo sannarlega verið okkur öllum góð fyrirmynd.

Það er sérstakt ánægjuefni fyrir okkur í norrænu verkalýðshreyfingunni að verða vitni að því eftir 21 árs bið að þú fáið loksins afhent friðarverðlaun Nóbels sem þú átt svo sannarlega skilið fyrir þína friðsamlegu mannréttindabaráttu.

Frú Aung San Suu Kyi – ég vil ítreka enn og aftur hollustu okkar og samstöðu þegar kemur að baráttu fyrir grundvallar mannréttindum og lýðræði verkafólks og annara íbúa Myanmar og í raun hvar sem er í heiminum þar sem bræður okkar og systur þurfa að berjast fyrir réttindum sínum sem einstaklingar og launamenn.

Þakka þér.